

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51, 30. mars 1987, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 521, 21. desember 1990.

*Samgönguráðuneytið, 27. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Rúnar Guðjónsson.*

Nr. 627

**REGLUR**

19. desember 1991

**um flutning ótollafgreiddra bifreiða í ryðvarnarstöðvar.**

## 1. gr.

Tollstjóri getur heimilað ryðvarnarstöðvum sem annast ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða að annast vörslu þeirra fyrir hönd farmflytjanda meðan ryðvörn fer fram.

Ryðvarnarstöð sem óskar slíkrar heimildar skal senda skriflega umsókn þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem geymslur viðkomandi farmflytjanda eru. Beiðninni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi farmflytjanda um að ótollafgreiddar bifreiðar sem í ryðvarnarstöðinni eru geymdar, séu þar á hans ábyrgð.

## 2. gr.

Þegar ryðvarnarstöð hefur fengið heimild samkvæmt 1. gr. skal litið á hana sem hluta af vörugeymslu þess farmflytjanda sem yfirlýsingu gaf vegna umsóknar ryðvarnarstöðvarinnar, hvað varðar geymslu ótollafgreiddra bifreiða. Farmflytjanda er heimilt að flytja ótollafgreiddar bifreiðar í slíkar ryðvarnarstöðvar án sérstaks leyfis tollstjóra, sbr. 1. mgr. 69. gr. tollalaga.

## 3. gr.

Um ótollafgreiddar bifreiðar sem geymdar eru í ryðvarnarstöð gilda að öðru leyti ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, m.a. um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara, svo og önnur ákvæði laganna varðandi ótollafgreidda vöru.

## 4. gr.

Fari farmflytjandi eða ryðvarnarstöð eigi eftir fyrir mælum reglna þessara, eða sérstökum fyrir mælum sem kunna að hafa verið sett í einstakar heimildir samkvæmt 1. gr., getur tollstjóri svipt ryðvarnarstöðina heimildinni, tímabundið eða að fullu.

Brot á reglum þessum varða að öðru leyti viðurlögum samkvæmt ákvæðum XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

## 5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 18. tölulið 6. gr. og 7. mgr. 64. gr., sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 564/1982, um ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða. Þó skulu leyfi sem veitt hafa verið samkvæmt eldri reglum halda gildi sínu til 1. mars 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1991.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*